

## S A M Þ Y K K T

47

30. apríl

um

**breyting á samþykkt um sýsluvegin Línakradalsveg, og sýslu- og hreppavegi í Vesturhópi frá 1. apríl 1927.**

Í stað 3. gr. a.-lið og út greinina komi:

- a. af verkfærum mönnum á samþykktarsvæðinu  $\frac{1}{6}$  — einn sjötti — niðurjafnaðs gjalds, þó aldrei yfir 5 kr. á hvern.
- b. að öðru leyti skal gjaldinu jafnað niður að hálfu, sem  $\frac{0}{100}$  gjaldi á allar jarðir í Þverárhreppi, nema Síðu og Þóreyjarnúp. Jarðirnar utan Þórsár, bera þó aðeins hálf gjald, móts við aðrar jarðir á svæðinu, og að hálfu, eftir efnunum og ástæðum, eftir sömu hlutföllum og útsvör í Þverárhreppi.

Úr því yfirstandandi ár er liðið, fellur niður allt gjald frá Þóreyjarnúpi og þeim mönnum, er þar eiga heimili.

Frá þeim tíma tekur sýslusjóður, eða sýsluvegasjóður, verði hann stofnaður, að sér viðhald Línakradalsvegar frá þjóðveginum út að mörkuum Þverárhrepps.

Landeigandi hver greiðir gjaldið hver fyrir sína jörð, en á heimtöngu á endurgreiðslu 8% frá ábúendum.

Gjöldum þessum fylgir lögtaksréttur.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóvember 1919, staðfestist hérmeð til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. apríl 1929.*

Tryggvi Þórhallsson.

\_\_\_\_\_  
Páll Pálmason.